



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 2/2015

vegna erindis Íslandspósts ohf. um hækkun á gjaldskrá á bréfum innan einkaréttar

I

Erindi Íslandspósts

Með bréfi, dags. **22. desember 2014**, sendi Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP) inn erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) um hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar (0-50 gr.). Óskaði ÍSP eftir samþykki PFS á hækkun á þeim gjaldskráum sem tilheyra einkarétti sem hér segir:

A: hækkar úr 145 kr. í 165 kr.

B: hækkar úr 125 kr. í 145 kr.

AM: hækkar úr 107 kr. í 124 kr.

BM: hækkar úr 87 kr. í 104 kr.

ÍSP áformaði að breytingin tæki gildi þann 1. febrúar 2015. Áætlaður tekjuauki félagsins frá 1. febrúar vegna þessara breytinga verði um 315 millj. kr. til ársloka.

Í rökstuðningi ÍSP fyrir þessari tilteknu hækkun kom fram að gert sé ráð fyrir að magn innan einkaréttar dragist saman um 10% á árinu 2015 með 290 millj. kr. tekjutapi að óbreyttu, launahækkunar verði um [...] ¹ og almennt verðlag hækki um 3%. Einnig er gert ráð fyrir að með væntanlegri breytingu á lögum um pósthjónustu verði félaginu gert kleift að fækka útburðardögum í sveitum sem skili 100 millj. kr. lækkun á kostnaði á seinni hluta ársins.

¹ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.

ÍSP lagði fram samandregna útkomuspá fyrir árið 2014 þar sem gert er ráð fyrir 120 millj. kr. tapi á samstæðu ÍSP. Rekstraráætlun samstæðunnar fyrir árið 2015 sýnir jafnframt 181 millj. kr. tap á samstæðunni án aðgerða, en hagnað upp á 150 millj. kr. nái framangreind hækkunarbeiðni fram að ganga og lækkunar á kostnaði vegna fækkun útburðardaga (Fylgiskjal 1).

ÍSP lagði einnig fram sérgreinda rekstraráætlun með og án framangreindrar hækkunar gjaldskrár einkaréttar og lækkun kostnaðar vegna dreifingar. (Fylgiskjal 2a og 2b). Áætluninni er í meginráttum skipt upp í afkomusviðin einkaréttur, samkeppni innan alþjónustu og samkeppni utan alþjónustu.

Með erindi ÍSP fylgdi yfirlit yfir burðargöld og magn innan einkaréttar á tímabilinu janúar til nóvember 2014 þar sem fram kemur að magnminnkun tímabilsins hafi numið 9% m.v. sama tíma árið áður. (Fylgiskjal 3).

Jafnframt kom fram hjá ÍSP að taprekstur samstæðu ÍSP undanfarin ár, sem fjármagnað hafi verið með lántöku, megi rekja til þess að erindi félagsins um verðhækkanir innan einkaréttar hafi bæði komið seinna fram og verið lægri en ÍSP taldi nauðsynlegt. Tekjur hafi því verið langt undir því sem ÍSP mat nauðsynlegt á hverjum tíma.

ÍSP benti til upplýsinga á skýrslu Post & Telestyrelsen í Svíþjóð „Konsumentpriser för brev och paket“, dags. 25. nóvember sl., en þar séu verð fyrir bréf og pakka borin saman á Norðurlöndum, Þýskalandi og Bretlandi. Þar komi fram að burðargöld á Íslandi eru gjarnan lægst á samanburðartímabilinu. ÍSP benti í því sambandi á töflu 2 á bls. 17 í skýrslunni þar sem fjallað er um verð á léttari bréfa í A flokki að sögn félagsins.

II.

Málsmeðferð

1.

Beiðni um nauðsynlegar upplýsingar

Með bréfi, dags. 8. janúar 2015, sendi PFS beiðni um upplýsingar, þar sem að erindi ÍSP var að mati stofnunarinnar ekki stutt nauðsynlegum upplýsingum, sem réttlætt geti breytingar á núgildandi gjaldskrá innan einkaréttar. Því fór PFS fram á að fyrirtækið sendi eftirfarandi upplýsingar til stofnunarinnar, sérstaklega í samræmi við þær kröfur um afkomu einkaréttar sem ítrekað hafa komið fram í fyrri ákvörðunum og samskiptum PFS við ÍSP vegna hækkunarbeiðna félagsins innan einkaréttar.

- Forsendur og rökstuðningur fyrir því hvers vegna ÍSP fer fram á mismunandi hlutfallslega hækkun einingarverða eftir því hvort um er að ræða A, B, AM eða BM póst, en hækkunarbeiðni er á bilinu 13,8% til 19,5%.
- Fylgiskjal 3 verði uppfært m.v. tekjur og magn fyrir tímabilið janúar til desember 2014.
- PFS fer fram á að ÍSP sendi útreikninga á bakvið áætlaðar tekjur vegna burðargjalda innan einkaréttar skv. fylgiskjali 2b (2.836.826.000 kr.).
- Sérgreindur rekstrarreikningur; útkomuspá ársins 2014 (tl. 8.1 ákv. 18/2013).
- Yfirlit yfir afkomu einstakra þjónustuflokka skv. afkomulíkani; útkomuspá ársins 2014 (tl. 8.3 ákv. 18/2013).

- Forsendur og útreikningar á skiptingu endastöðvatekna og –gjalda á afkomusvið , sbr. fylgiskjal 2a.
- Sundurliðun á liðnum „Þóknarir og þjónustugjöld“ og „Aðrar tekjur“, þar sem fram komi skipting tekna á helstu þjónustuflokkum (fyrirtækjaþjónusta, áframsendingar o.fl.). PFS fer fram á að framangreindum tekjum sé úthlutað á viðkomandi afkomusvið (einkaréttur, samkeppni innan alþjónustu og samkeppni utan alþjónustu).
- Helstu hagræðingaraðgerðir aðrar en fækkun dreifingardaga í sveitum á árinu 2015.
- Fyrirhugaðar verðbreytingar í samkeppnisrekstri á árinu 2015.

Þar til ofangreindar upplýsingar lögju fyrir gæti stofnunin ekki að fullu tekið hækkunarbeiðni til meðferðar.

PFS vísar einnig í bréf til ÍSP þann 6. janúar sl. vegna fyrirspurnar félagsins frá 10. desember sl. varðandi forskrift að því hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir svo tækt sé fyrir PFS að samþykka erindi ÍSP um breytingar á verðskrá innan einkaréttar.

PFS leggur áherslu á að stofnunin lítur svo á að úrvinnslutími hennar hvað varðar hækkunarbeiðni ÍSP sé frá og með þeim tíma sem fullnægjandi gögn, samkvæmt ofangreindu, liggja fyrir og þar til stofnunin birtir ÍSP ákvörðun sína. Þann 26. janúar sl. ítrekaði PFS beiðni sína um upplýsingar frá ÍSP.

Svör frá ÍSP við bréfi PFS, dags. 8. janúar sl., bárust með bréfi ÍSP, dags. 5. febrúar sl. og sendi fyrirtækið þá eftirfarandi upplýsingar til stofnunarinnar:

- Tekjur og magn á tímabilinu janúar til desember 2014.
- Útreikningur burðargjalda innan einkaréttar við gerð rekstraráætlunar.
- Sérgreindan rekstrarreikning um útkomuspá ársins 2014 (sbr. tl. 8.1. í ákv. 18/2013).
- Yfirlit yfir afkomu einstakra þjónustuflokka skv. afkomulíkani ársins 2014 (sbr. tl. 8.3 í ákv. 18/2013). Byggt á útkomuspá 2014.
- Forsendur og útreikninga á skiptingu endastöðvatekna og –gjalda á afkomusvið, sbr. fylgiskjal 2a.
- Sundurliðun á liðunum „Þóknarir og þjónustugjöld“ og „Aðrar tekjur“

Stofnunin óskaði eftir forsendum og rökstuðningi fyrir mismunandi hlutfallslegri hækkun einingaverðs eftir því hvort um er að ræða A, B, AM eða BM póst. Í svari ÍSP kom fram að allt frá því að núverandi fyrirkomulag varðandi verð og afslætti einkaréttarpósts tók gildi um mitt ár 2012 hefur ÍSP talið að verð BM pósts ætti að vera hlutfallslega hærra miðað við aðra vöruflokka innan einkaréttar. ÍSP telur að fjárhæð álagningar í hverjum flokki væri sem líkust, þannig að mismunandi flokkar sýndu svipaða framlegð í krónum til alþjónustubyrðar. Verðhækkunarir ÍSP taka nú mið af þessu álitu félagsins.

Í svari félagsins um fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir á árinu 2015 eru m.a., breytt fyrirkomulag á flutningi á Norðurbíl, þ.e. aðalflutningsleiðin milli Reykjavíkur og Húsavíkur, sameining dreifingarstöðva á höfuðborgarsvæðinu, breytt fyrirkomulag á leigu húsnæðis á aðalskrifstofum félagsins að Stórhöfða 29, lokun á samstarfspósthúsum ásamt breytingar á landpóstaleiðum, stækkun bréfberahverfa og breyting pósthjónustu með póstbílum.

Fyrirhuguð hækkun í samkeppnisrekstri nemur að jafnaði verðbólguhækkun eða um 3% á árinu 2015 og munu þær hækkunarir taka gildi á fyrri hluta ársins 2015. Félagið hefur einnig í hyggju að endurskoða verðlagningu ýmissa þjónustuliða.

III.

Forsendur og niðurstaða

1.

Almennt

Við yfirferð PFS á beiðnum ÍSP um hækkun á gjaldskrá fyrir einkarétt þá byggir PFS á forsendum og niðurstöðum í ákvörðun sinni nr. 16/2012 og vísar þá sérstaklega til viðauka C með ákvörðuninni. Jafnframt er byggt á ákvörðun PFS nr. 18/2013, um úttekt á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi Íslandspósts. Fram kemur í ákvörðun PFS nr. 16/2012 að í útreikningi á einingarverðum innan einkaréttar skuli ÍSP byggja á kostnaðarbókhaldi (afkomulíkani) félagsins hverju sinni. Byggja skuli á afkomu síðast liðins árs, en heimilt er að taka tillit til áætlunar um magnþróun og fyrirsjáanlegra breytinga á kostnaði, s.s. vegna kjarasamninga.

Gjaldskrá fyrir alþjónustu, en einkaréttur fellur þar undir, skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna, að viðbættum hæfilegum hagnaði þá telur PFS rétt að rekja í stuttum máli hvernig regluverkið ætlast til að ÍSP geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár félagsins innan einkaréttar. Slíkt er grundvöllur fyrir því að PFS sé tækt að samþykkja þær beiðnir sem félagið leggur fram um hækkun gjaldskrár innan einkaréttar, sbr. 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu. Eðli málsins samkvæmt að þá getur PFS ekki fallist á beiðnir félagsins um hækkun, nema að tiltekin skilyrði hafi verið uppfyllt. Undirliggjandi er það sjónarmið að gjaldskrá félagsins innan einkaréttar skal grundvallast á kostnaðarbókhaldi félagsins.

Samkvæmt 18. gr. reglugerðar nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekkenda bar póstrekkendum að hefja færslu bókhaldsgagna í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar eigi síðar en hinn 1. janúar 2006.

Við ákvörðun gjaldskrár ÍSP innan einkaréttar er m.a. byggt á eftirfarandi forsendum:

- Kostnaðarbókhaldi sem félagið færir, sbr. 18. gr. laga nr. 19/2012 um pósthjónustu og reglugerð um bókhaldslega aðgreiningu nr. 313/2005, sbr. ákvörðun PFS nr. 18/2013 þar sem þessi skylda var útskýrð og útfærð með nákvæmum hætti.
- Fjölda bréfa innan einkaréttar á hverjum tíma, sem og áætlana um magnþróun innan einkaréttar.
- Fyrirsjáanlegum breytingum á kostnaði, s.s. vegna kjarasamninga.

2.

Bókhaldslegur aðskilnaður og kostnaðarbókhald

Samkvæmt 3. tl. 18. gr. laga um pósthjónustu, nr. 19/2002, skal PFS tryggja að bókhald rekstrarleyfishafa samræmist reglugerð nr. 313/2005 og skal það staðfest opinberlega.

Jafnframt kemur fram í 1. tl. sömu lagagreinar að:

„Rekstrarleyfishafar skulu í bókhaldi greina kostnað og tekjur vegna alþjónustu frá annarri þjónustu. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins, sbr. 11. gr., skal í bókhaldi sínu aðgreina annars vegar tekjur og kostnað fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir einkaréttinn og hins vegar aðra alþjónustu. Póstrekkendur sem stunda einnig leyfis skylda starfsemi á öðru sviði skulu greina kostnað og tekjur vegna póstarstarfsemi sinnar frá öðrum kostnaði og tekjum.“

Nánar er gerð grein fyrir kostnaðarbókhaldi og bókhaldslegum aðskilnaði ÍSP í ákvörðun PFS nr. 18/2013 um bókhaldslegan aðskilnað og kostnaðarbókhald Íslandspósts.

Þegar PFS yfirfer beiðni ÍSP um hækkun á gjaldskrá fyrir einkarétt, nú eins og áður, byggir stofnunin á forsendum sem m.a. komu fram í ákvörðun stofnunarinnar nr. 16/2012 og bendir þá einkum á viðauka C með ákvörðuninni.² Fram kom í ákvörðun PFS að í útreikningi á einingarverðum innan einkaréttar skyldi ÍSP byggja á kostnaðarbókhaldi félagsins hverju sinni. Byggja skyldi á afkomu síðast liðins árs, en heimilt væri að taka tillit til áætlunar um magnþróun og fyrirsjáanlegra breytinga á kostnaði, s.s. vegna kjarasamninga.

Eins og fram kemur í ákvörðun PFS nr. 18/2013 „Úttekt á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi Íslandspóst ohf.“ að þá taldi PFS að kostnaðarbókhald ÍSP byggði í meginráttum á viðurkenndri aðferðarfræði í samræmi við ákvæði laga nr. 19/2002 um pósthjónustu og reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda.

PFS leitast við í ákvörðunum um hámarksverð að jafna tekjum á móti gjöldum hverju sinni. Í því skyni er miðað við nýjustu raunupplýsingar um tekjur, kostnað, magn o.fl. ásamt áætlun viðkomandi árs. Á sama tíma þarf að hafa í huga ákvæði póstlaga um að gjaldskrá skuli taka mið af raunkostnaði hverju sinni ásamt hæfilegum hagnaði. Ákvarðanir PFS taka mið af þeim upplýsingum og gæðum þeirra sem ÍSP leggur fram og ber ábyrgð á hverju sinni, svo og tímasetningum umsókna. Ljóst er að slíkar ákvarðanir geta sjaldan að fullu bætt þegar orðið tap vegna t.d. óvæntrar magnminkunar umfram fyrri áætlanir ÍSP, enda á ábyrgð ÍSP að bregðast tímalega við slíkum frávikum. Hins vegar hefur PFS í huga að rekstrargrundvöllur sé leiðréttur þegar horft er til nýjustu raunupplýsinga svo og næstu mánaða eða árs. Jafnframt verður að hafa í huga að ekki er raunhæft að eingöngu sé litið til verðhækkana vegna neikvæðra frávíka frá áætlunum heldur verði samhliða að horfa t.d. til aukinnar hagræðingar í rekstri. Sjá m.a. ákvörðun PFS vegna tillaga ÍSP um innleiðingu á XY dreifingarfyrikomulagi og lokun pósthúsa á sl. árum.

PFS bendir á að ekki hefur verið samræmi í málflutningi ÍSP hvað varðar kröfu félagsins um tugi prósentu hækkun gjaldskrár einkaréttar á undanförunum misserum annars vegar og þátt einkaréttar í heildarafkomu hins vegar samkvæmt kostnaðarbókhaldi félagsins hins vegar. Þess í stað virðist ÍSP eingöngu gera rekstraráætlun fyrir fyrirtækið í heild og byggir hækkunarþörf einkaréttar nú helst á áætlun um heildarafkomu félagsins. En eins og fram hefur komið er gjaldskrá fyrirtækisins innan einkaréttar, eina gjaldskrá fyrirtækisins sem háð er samþykki PFS. Aðrar gjaldskrár fyrirtækisins lúta ekki beinu eftirliti og fyrirfram samþykki PFS þó vissulega geti reynt á lögmæti þeirra eftir á.

3.

Hækkun innan einkaréttar minni og/eða seinna en gert var ráð fyrir

Vegna fullyrðinga ÍSP um tafir á afgreiðslu PFS á erindum félagsins um hækkun innan einkaréttar þá hefur stofnunin tekið saman yfirlit yfir hvar töfin hefur legið eftir að ÍSP hefur skilað inn erindum um hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar. Þá hefur greining PFS á því hvar orsök þeirra tafa sem vísað er til leitt í ljós að PFS er megnið af þeim tíma sem er til skoðunar að bíða eftir svörum við fyrirspurnum sínum til ÍSP eða gögnum frá félaginu, sbr. umfjöllun þess efnis í ákvörðunum PFS.³

PFS bendir á að á undanförunum árum hefur legið fyrir hvaða gögn PFS telur nauðsynlegt að fá til að hægt sé að taka ákvörðun um gjaldskrárhækkun og á það sérstaklega við um sérgreindan

² Sjá einnig úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 5/2012.

³ Samkvæmt yfirliti yfir ferli gjaldskrárbreytinga frá árinu 2010 til ársins 2014 sem stofnunin hefur tekið saman þá kemur í ljós að stofnunin er að meðaltali 13 virka daga að taka ákvörðun eftir að öll nauðsynleg gögn hafa borist, en að meðaltali tók ferlið frá beiðni ÍSP fram að ákvörðun stofnunarinnar 48 daga.

rekstrarreikning fyrir einkaréttarstarfsemi félagsins á grundvelli bókhaldslegrar aðgreiningar og kostnaðarbókhalds félagsins.

Í erindi ÍSP er vikið að því að verðbreytingar innan einkaréttar hafi verið minni en fyrirtækið hafi talið nauðsynlegt og gert ráð fyrir í sínum rekstraráætlunum og að þær hafi gengið seinna fram en gert hafi verið ráð fyrir. Hvoru tveggja hafi síðan leitt til tapreksturs hjá félaginu. Bendir fyrirtækið því á að nauðsynlegt geti verið að farið verði fram á frekari hækkunar á verði innan einkaréttar til að félagið geti staðið undir kostnaði við alþjónustuskyldu.

Vegna þessa þykir PFS rétt að taka fram að gjaldskrá innan einkaréttar hefur hækkað til í samræmi við niðurstöðu úr kostnaðarbókhaldi félagsins sem sýnir afkomu félagsins á dreifingu bréfa innan einkaréttar. PFS getur því ekki fallist á það með ÍSP að forsendur hafi verið til þess, hingað til, að ákvarða gjaldskrá innan einkaréttar hærrí en gert hefur verið í ákvörðunum stofnunarinnar.

Hvað varðar fullyrðingar félagsins um að hækkunar hafi gengið seinna fram en félagið hafi gert ráð fyrir þá getur PFS ekki fallist á þá fullyrðingu félagsins. Málsmeðferðartími þeirra beiðna sem borist hafa stofnuninni, um hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar ræðst að miklu leyti af þeim upplýsingum sem fylgja með erindum fyrirtækisins um hækkun. PFS hefur þannig ítrekað þurft að kalla eftir viðbótarupplýsingum frá félaginu, t.d. sérgreindar upplýsingar um kostnað sem og afkomu innan einkaréttar. Vöntun á nauðsynlegum upplýsingum hefur þannig oft á tíðum komið í veg fyrir að stofnuninni hafi getað tekið ákvörðun um breytingar á gjaldskrá innan einkaréttar, eins fljótt og ÍSP hefur talið nauðsynlegt.

PFS getur því ekki fallist á að sá taprekstur á félaginu sem ÍSP vísar hér til, sé tilkominn vegna þess, að bréf innan einkaréttar hafi ekki hækkað í samræmi við það sem tilefni hefur verið til hverju sinni, eða að þær hafi gengið fram „*seinna*“ en ástæða hefur verið til, af hálfu PFS.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að PFS samþykkti hækkun á gjaldskrá fyrirtækisins innan einkaréttar sem nam alls um 70%⁴ á tímabilinu 2010 til og með 1. ágúst 2014, en á sama tíma minnkaði magn einkaréttarpósts um tæplega 30% og verðlag hækkaði um 17%.

Frá árinu 2010 til 2014 hækkaði gjaldskrá ÍSP fyrir A póst um 93% og B póst um 67%.⁵ Á töflum 1 og 2 má sjá hlutfallslega hækkun á gjaldskrá á almennum A pósti og B pósti undir 50 gr. á Norðurlöndum á árunum 2010 til 2014. Ljóst er að hækkun gjaldskrár ÍSP hefur verið umfram önnur norræn lönd á tímabilinu, sem stafar m.a. af mikilli minnkun bréfamagns og verðlagsþróunar.

Tafla 1 – Verðhækkunar á Norðurlöndum 2010-2014, A póstur (0-50 gr.)

A Póstur	2010	2011	2012	2013	2014	Hækkun %
Ísland, ISK	75	97	120	130	145	93%
Danmörk, DKK	5,5	8	8	9	9	64%
Finnland, EUR	0,75	0,75	0,75	1	1	33%
Noregur, NOK	8,5	9	9,5	10	10	18%
Svíþjóð, SEK	6	6	6	6	7	17%

⁴ Miðaða við vegið meðaltal A, B, AM og BM pósts.

⁵ Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 16/2012 breyttist vöruframboð ÍSP í A, B, AM og BM póst.

Tafla 2 – Verðhækkanir á Norðurlöndum 2010-2014, B póstur (0-50 gr.)

B Póstur	2010	2011	2012	2013	2014	Hækkun %
Ísland, ISK	(75)*	(97)*	103	112	125	67%
Finnland, EUR	0,6	0,6	0,6	0,9	0,9	50%
Danmörk, DKK	5	6	6	6,5	6,5	30%
Svíþjóð, SEK	5,5	5,5	5,5	5,5	6,5	18%
Noregur, NOK	8	8,5	9	9	9	13%

* Eingöngu A póstur í boði.

Framangreint styður ekki fullyrðingu ÍSP um að vandi félagsins felist í minni og seinni verðhækkunum innan einkaréttar en félagið hafi talið þörf á undanförnum árum.

Að mati PFS geta miklar hækkanir á gjaldskrá ÍSP haft þær afleiðingar að hraða magnminnkun með tilheyrandi óhagkvæmni í rekstri félagsins og þar með auknum þrýstingi á enn frekari hækkun gjaldskrár bréfa innan einkaréttar.

4.

Afkoma fyrri ára

Í erindi ÍSP kemur fram að tap hafi orðið á rekstri félagsins á undanförnum árum sem fjármagnað hafi verið með lántöku. Félagið vísaði í heildarafkomu í þessu samhengi en ekki einkaréttar sérstaklega.

Fram hefur komið hjá ÍSP að taprekstur félagsins í heild hafi orsakast af ónógum hækkunum einkaréttarpósts á undanförnum árum. PFS bendir á að ekki hefur verið samræmi í málflutningi ÍSP hvað varðar þátt einkaréttar í heildarafkomu félagsins sé horft til kostnaðarbókhalds þess annars vegar og kröfu félagsins um tugi prósentu hækkun gjaldskrár einkaréttar hins vegar á undanförnum misserum. Samkvæmt niðurstöðu kostnaðarbókhalds ÍSP fyrir árin 2011-2014 var 1,3% hagnaður að meðaltali af einkarétti á tímabilinu, sbr. tafla 3, en innifalið í gjöldum einkaréttar eru afskriftir og fjármagnskostnaður af bundnu fjármagni, svo og viðbótarkostnaður vegna alþjónustukostnaðar félagsins.

Tafla 3 - Yfirlit yfir afkomu af einkarétti fyrir árin 2011 - 2014 (tölur í þús. kr.)⁶

Ár	Tekjur	Gjöld	Afkoma	Afkoma í hlutfalli af tekjum
2011	2.578.007	2.652.270	-74.263	-2,9%
2012	2.767.771	2.647.600	120.171	4,3%
2013	2.597.693	2.578.630	19.063	0,7%
2014	2.826.441	2.754.101	72.340	2,6%
Meðaltal 2011 – 2014:	2.692.478	2.658.150	34.328	1,3%

⁶ Fjárhæðir byggjast á kostnaðarbókhaldi (afkomulíkani) ÍSP fyrir árin 2011-2014 þar sem tekið er tillit til afskrifta og reiknaðs fjármagnskostnaðar af bundnu fjármagni, auk þess sem kostnaður samkeppnisrekstrar sem tengist alþjónustubyrði verið færður á einkarétt. Afkomutölur fyrir árið 2014 byggja á nýrri útfærslu á eldra afkomulíkani félagsins, sem ÍSP sendi upphafleg til PFS á árinu 2014 vegna ákvörðunar PFS nr. 18/2013. Nýja LRAIC líkanið er til skoðunar hjá stofnuninni og einnig er vinnu félagsins ekki lokið vegna uppgjörs 2014 og því er ekki um endanlega niðurstöðu um afkomu að ræða fyrir árið 2014.

PFS bendir á að afkoma fyrirtækja ræðst af mörgum samverkandi þáttum, sérstaklega hjá fyrirtæki eins og ÍSP þar sem fjöldi mismunandi þjónustuflokka deila með sér samtengdum og sameiginlegum kostnaði í ríkum mæli, auk þess sem taka þarf tillit til alþjónustukostnaðar.

Miðað við það kostnaðarbókhald sem ÍSP hefur lagt fram er ljóst að afkoma í ýmsum þjónustuflokkum í samkeppnisrekstri ÍSP hefur verið neikvæð á undanförunum árum. Þetta er þrátt fyrir að einkaréttur hafi borið hlutdeild í kostnaði samkeppnisrekstrar vegna alþjónustubyrði.

PFS bendir jafnframt á að á árinu 2013 nam tap ÍSP vegna rafrænna póstsendinga (m.a. skönnun póstis) um 80 millj. kr. sem kemur fram í heildarafkomu samstæðunnar og útlit er fyrir að niðurstaðan verði svipuð á árinu 2014.

Með ákvörðunum PFS nr. 32/2013 og 16/2014 hækkaði gjaldskrá innan einkaréttar um tæplega 22%, sem skilar sér að fullu á árinu 2015. Í þeim ákvörðunum var mat PFS fyrst og fremst byggt á áætlun ÍSP um 5-12% magnminnkun ársins og vænts kostnaðarauka vegna kjarasamninga o.fl.

Með hækkunarbeiðni ÍSP fylgdi m.a. árshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið janúar til september 2014 og endurskoðuð áætlun um rekstur og afkomu félagsins í heild á árinu 2014. Einkaréttarstarfsemi félagsins var ekki sundurgreind sérstaklega. Fram kom í innsendum gögnum ÍSP við fyrirspurn PFS að magnminnkun innan einkaréttar væri í raun rúmlega 8% á árinu 2014 frá fyrra ári, sem er töluvert minni magnminnkun en gert var ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun ÍSP í maí sl.

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem ÍSP hefur lagt fram telur PFS ljóst að orsaka tapreksturs ÍSP á undanförunum árum liggi ekki í afkomu einkaréttar, sérstaklega þegar horft er til árana 2012 til 2014.

5.

Magnþróun

Á árinu 2014 varð 8,1% samdráttur í bréfamagni frá árinu 2013 eða sem samsvarar um 2,5 milljónum bréfa, þ.e. fækkun úr 30,1 milljónum bréfa í 27,7 milljón bréf, en endurskoðuð áætlun⁷ ÍSP frá maí sl. hafði gert ráð fyrir 12% magnminnkun á árinu 2014.⁸


ÍSP áætlar að magn ársins 2015 minnki í 25,7 milljón bréfa eða um 2 milljónir bréfa, sem samsvarar 7,3% minnkun á magni frá árinu 2014. Í ákvörðun PFS nr. 16/2014 var hins vegar gert ráð fyrir að magn bréfa minnkaði í 26,5 milljónir bréfa á ársgrundvelli og því er um að ræða áætlun um 3% magnminnkun frá síðustu verðákvörðun.

Myndin hér að neðan sýnir hvernig þróunin hefur verið í fjölda bréfa innan einkaréttar frá árinu 2006, ásamt áætlun fyrir árið 2015.

⁷ Sjá ákvörðun PFS nr. 16/2014.

⁸ Áætlun ÍSP sýndi 12% minnkun í samræmi við rauntölur janúar til maí 2014, en í erindi ÍSP kom fram að um 11% magminnkun væri að ræða.

Mynd 1 - Fjöldi bréfa 0 - 50 gr., árin 2006 – 2015



Heimild: Íslandspóstur.

Í ákvörðun PFS nr. 16/2012 var byggt á eftirfarandi skiptingu magns innan einkaréttar (0-50 gr.) á milli A, B, AM og BM pósts, en ljóst var að ef skipting milli flokka breyttist verulega þá gæti það haft áhrif á verðlagningu einstakra vöruflokka.

Sé litið til rauntalna ársins 2014 þá er skiptingin eftirfarandi:

A póstur	21%
B póstur	13%
AM póstur	10%
BM póstur	56%

Skiptingin er nánast sú sama og árið 2013 og þegar samsetningu pósts er metin þá eru áhrifin á meðaleiningarverð ÍSP óveruleg og ekki ástæða á þessu stigi til að breyta kostnaðargrundvelli einstakra þjónustuflokka af þeim sökum.

Áætlað tekjutap frá síðustu verðákvörðun PFS nr. 16/2014 vegna magnmínkunnar er allt að 100 millj. kr. á ársgrundvelli, m.v. óbreytta gjaldskrá.

6.

Kjarasamningar og verðlagsþróun

Fram kemur í áætlunum ÍSP að reiknað er með að launakostnaður einkaréttar hækki um rúmlega [...] millj. kr. á milli árunna 2014 og 2015. Hækkunin skýrist m.a. af áætlaðri [...] hækkun launataxta vegna fyrirhugaðra kjarasamninga.

Jafnframt er gert ráð fyrir 3% hækkun á almennu verðlagi á árinu 2015.

7.

Hagræðing vegna breytinga á alþjónustukröfum

Í erindi ÍSP kemur fram að fyrirtækið hafi reiknað með í ársáætlun sinni fyrir árið 2015 að á árinu næðist 100 millj. kr. sparnaður í dreifikerfi fyrirtækisins í heild á seinni hluta ársins 2015 vegna væntinga um breytingu á alþjónustukvöð félagsins um fækkun dreifingardaga í strjálbýli samkvæmt nýjum lögum um pósthjónustu. Í áætlun ÍSP er hlutdeild einkaréttar í framangreindum sparnaði vegna útburðar í sveitum metin um 45 millj. kr.

8.

Tilvísun ÍSP í skýrslu PTS í Svíþjóð

Vegna tilvísunar ÍSP í skýrslu⁹ Post & Telestyrelsen (PTS) í Svíþjóð „Konsumentpriser för brev och paket“, dags. 25. nóvember sl., þar sem verð fyrir bréf og pakka eru borin saman á Norðurlöndum, Þýskalandi og Bretlandi, telur PFS nauðsynlegt að koma eftirfarandi á framfæri.

Það er rétt eins og ÍSP segir að samkvæmt skýrslunni eru burðargöld á Íslandi gjarnan lægst á samanburðartímabilinu, sérstaklega ef litið er til Norðurlanda. Framangreint getur falið í sér ályktun um að á grundvelli samanburðarins sé svigrúm til hækkunar. PFS bendir hins vegar á að það eigi að takmörkuðu leyti við um verðlagningu 0-50 gr. bréfa sem hér eru til ákvörðunar. Í kafla 10 hér á eftir „Samanburður gjaldskráa á Norðurlöndum“ er gerður ítarlegur verðsamanburður á 0-50 gr. pósti á milli norrænna landa eins og áður hefur verið gert í verðákvörðunum PFS, en þar er tekið tillit til nýjustu verða hverju sinni og fram kemur að verðlagning á Íslandi er nálægt meðaltali innan Norðurlanda.

Í skýrslu PTS er byggt á verðum fyrir bréf og böggla eins og þau voru 1. desember 2013, en á árinu 2014 hækkuðu bréf innan einkaréttar (0-50 gr.) hér á landi um tæplega 22%¹⁰. Á sama tímabili hafa gjaldskrár annarra Norðurlanda fyrir 0-50 gr. bréf hækkað umtalsvert minna.

Hvað varðar töflu 2 á bls. 17 í skýrslu PTS sem ÍSP bendir sérstaklega á, en þar er fjallað um verð á léttari bréfum í A flokki, þá bendir PFS á að verið er að bera saman verðvísitölu fyrir sænska meðalkörfu (svensk medelkorg) bréfa undir 2 kg., en ekki einkaréttarbréf eingöngu.


Eins og kemur fram í kafla 3.1.1. í skýrslunni þá er ÍSP að jafnaði með lægsta verðið og með langlægstu verðin ef borið er saman við önnur norræn lönd á bréfum yfir 50 gr. og að 2 kg. þar sem ÍSP hefur sjálft ákvarðað verðin án afskipta PFS. Er munurinn hlutfallslega mun meiri en á bréfum undir 50 gr. (innan einkaréttar).

Myndir 2a og 2b í skýrslunni sýna glögglega verðsamanburði á mismunandi þyngdum bréfa í innanlandspósti sem falla undir alþjónustu.


⁹ <http://www.pts.se/sv/Dokument/Rapporter/Post/2014/Konsumentpriser-for-brev-och-paket---PTS-ER-20143/>

¹⁰ Sbr. ákvarðanir PFS nr. 32/2013 og 16/2014.

Mynd 2 a) sýnir verð í sænskum kr. með vsk., þyngdarflokkar bréfa 0-2000 gr.¹¹



Mynd 2 b) sýnir verð í sænskum kr. með vsk., þyngdarflokkar bréfa 0-100 gr.¹²




Sama á við um böggla 0-20 kg. en þar er ÍSP í nánast öllum tilfellum með lægsta verðið sbr. mynd nr. 5 í skýrslunni og langlægst ef borið er saman við önnur norræn lönd. PFS áréttar að stofnunin hefur ekki haft bein afskipti af verðlagningu ÍSP á þessari þjónustu, frekar en bréfum yfir 50. gr.

¹¹ „Figur 2 a) Priser i SEK inklusive ev. moms, alla viktklasser“

¹² „Figur 2 b) Priser i SEK inklusive ev. moms, alla viktklasser“

Mynd 5 sýnir verð fyrir pakka innanlands upp að 20 kg.¹³



9.

Niðurstaða PFS um beiðni ÍSP um hækkun gjaldskrár innan einkaréttar

Í erindi sínu fór ÍSP fram á samþykki PFS fyrir eftirfarandi hækkunum á gjaldskrá einkaréttar:

- A: hækkar úr 145 kr. í 165 kr. eða um 13,8%
- B: hækkar úr 125 kr. í 145 kr. eða um 16,0%
- AM: hækkar úr 107 kr. í 124 kr. eða um 15,9%
- BM: hækkar úr 87 kr. í 104 kr. eða um 19,5%

Samtals nema framangreindar hækkunir um 17% miðað við vegið meðaltal eða sem samsvarar 425 millj. kr. á ársgrundvelli, en um 390 millj. kr. á árinu 2015 m.v. gildistöku 1. febrúar 2015.

Í erindi ÍSP, dags. 22. desember sl., voru einungis lögð fram gögn um rekstur og afkomu fyrirtækisins í heild vegna ársins 2014 byggt á útkomuspá ársins, ásamt sérgreindri frumáætlun fyrir árið 2015. Þetta gerist þrátt fyrir að ítrekað hafi komið fram hjá PFS á síðustu misserum að upplýsingar um skiptingu tekna og gjalda á afkomusvið með sama hætti og gert er í kostnaðarbókhaldi ÍSP sé ein grundvallarforsenda þess að PFS geti tekið hækkunarbeiðnir félagsins til umfjöllunar. Sérstaklega hefur verið bent á mikilvægi þess að sérgreindur rekstrarreikningur fyrir einkarétt ásamt útkomuspá ársins liggi fyrir þegar PFS tekur fyrir beiðni ÍSP um hækkun á gjaldskrá fyrir einkaréttarpóst á grundvelli áætlunar um þróun helstu stærða.

Í framhaldi af fyrirspurn PFS sendi ÍSP þann 5. febrúar sl. sérgreindan rekstrarreikning og afkomu fyrir einkarétt skv. kostnaðarlíkani m.v. útkomuspá ársins 2014, auk endurbættar áætlunar fyrir rekstur innan einkaréttar fyrir árið 2015, ásamt frekari skýringum.

Útkomuspá ársins 2014, skv. LRAIC kostnaðarlíkani ÍSP, sem sýnir hagnað einkaréttar, en innifalið í kostnaði eru afskriftir og fjármagnskostnaður af bundnu fjármagni, svo og alþjónustukostnaður vegna alþjónustubyrði félagsins. Sérgreindur rekstrarreikningur sýnir jafnframt EBITDA hagnað einkaréttar. Magn bréfa innan einkaréttar á árinu 2014 reyndist 27,7 milljón bréf sem er 8,1% minnkun frá árinu áður. Í verðákvörðun PFS nr. 16/2014 var hins

¹³ „Figur 5 Konsumentpriser, inrikes postpaket“

vegar reiknað með að magn ársins 2014 yrði 26,5 milljón bréf og því er niðurstaðan hagstæðari en gert var ráð fyrir.

ÍSP lagði fram endurbætta rekstraráætlun fyrir 2015 þar sem m.a. er gert ráð fyrir að bréfum innan einkaréttar fækki í um 25,7 milljónir bréfa, auk þess sem gert er ráð fyrir hækkun á kostnaði, [...]. PFS leggur áherslu á eftirfarandi meginatriði í mati sínu á beiðni ÍSP um verðhækkun innan einkaréttar.

- Þegar litið er á áætlun ÍSP um að magn ársins 2015 verði um 25,7 milljón bréf þá þarf að hafa í huga að einungis er um að ræða minnkun um rúmlega 3% frá því magni sem gengið var út frá í síðustu verðákvörðun PFS nr. 16/2014, en þar var gert ráð fyrir að magnið yrði 26,5 milljón bréf á ársgrundvelli. PFS telur að framangreind áætlun ÍSP um fjölda bréfa á árinu 2015 sé raunhæf miðað við síðast liðin ár og magnþróun á seinni hluta ársins 2014. PFS bendir á að þegar verðákvörðun byggir á áætlun um magnþróun næstu mánaða eða árs hverju sinni er nauðsynlegt að taka tillit til raunþróunar magns o.fl. frá síðustu verðákvörðun. Því er áætlað tekjutap vegna magnminnkunar sem horfa þarf til í þessu samhengi að hámarki 85 millj. kr. á ársgrundvelli.
- ÍSP gerir ráð fyrir að heildarrekstrarkostnaður einkaréttar hækki um [...] millj. kr. á milli árána 2014 og 2015. Þar vegur þýngst áætlun um rúmlega [...] millj. kr. hækkun launakostnaðar m.a. vegna nýrra kjarasamninga, en nettó hækkun annars rekstrarkostnaðar er áætlaður um [...] millj. kr.
- Á móti magnminnkun og hækkun kostnaðar gerir ÍSP ráð fyrir sparnaði á seinni helmingi ársins vegna fækkunar útburðardaga í sveitum, en sparnaður einkaréttar er áætlaður 45 millj. kr. á árinu vegna þessa. PFS telur að nokkur óvissa ríki um hvort framangreindur sparnaður náist að öllu leyti á árinu, þar sem hann tengist breytingu á lögum um pósthjónustu.

Ef horft er til afkomu innan einkaréttar er ljóst af framansögðu að samkvæmt áætlun ÍSP fyrir árið 2015 þarf að mæta magnminnkun og kostnaðarhækkunum, sem nema samtals um 170 millj. kr. á árinu 2015 með hækkun gjaldskrár og/eða frekari hagræðingu í rekstri félagsins. Á sama tíma þarf hins vegar að hafa í huga að gjaldskrá innan einkaréttar hækkaði um tæplega 22% á árinu 2014, nú síðast um 11,5% 1. ágúst sl. sem skilar sér að fullu á árinu 2015.

Að þessu virtu samþykkir PFS að svigrúm til þess að hækka gjaldskrá innan einkaréttar geti verið allt að 8% sem samsvarar allt að 200 millj. kr. tekjuauka á ársgrundvelli miðað við fyrirbyggjandi forsendur. Miðað við að hækkunin taki gildi þann 1. mars nk. þá er áætlaður tekjuauki ársins allt að 170 millj. kr.

10.

Samanburður gjaldskráa á Norðurlöndum¹⁴


Samkvæmt 4. mgr. 16. gr. laga um póstpjónustu eiga gjöld fyrir alþjónustu að vera almenningi viðráðanleg og tryggja ber aðgengi hans að þjónustunni.

Gjaldskrá ÍSP er borin saman við sambærilegar gjaldskrár á Norðurlöndunum, sem eru í gildi 1. janúar 2015.

Við samanburð á viðkomandi gjaldskráum þarf m.a. að hafa í huga að á Íslandi er alþjónustuskylda um 5 daga útburð í viku eins og í Svíþjóð og Finnlandi, en skyldan er 6 dagar í Noregi og Danmörku, sem leiðir til meiri dreifingarkostnaðar í viðkomandi löndum. Einnig að innifalið í verðum í Svíþjóð og Noregi er 25% vsk., en enginn vsk. er lagður á 0-50 gr. póst á Íslandi, í Danmörku og Finnlandi.

Samanburður í krónum talið leiðir fram að ÍSP er næst ódýrastur í verðlagningu á A og B pósti á Norðurlöndum. Sjá mynd 2.

Mynd 2 – Norrænn verðsamanburður¹⁵




Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun.

Mynd 3 sýnir að ef gjaldskrá ÍSP er borin saman við sömu gjaldskrár miðað við jafnvirðisígildi, kemur í ljós að fyrirtækið er næst ódýrast hvað varðar verðlagningu á A póst og í meðallagi í B pósti.

¹⁴ Í samanburðinum miðar PFS við ódýrasta þyngdarflokk sem neytendum stendur til boða, en um getur verið að ræða 0-20 gr. eða 0-50 gr. í einstökum löndum. Einnig er horft til þess að um 90% af einkaréttarpósti á Íslandi var undir 20 gr. áður en 0-20 gr. og 21-50 gr. þyngdarflokkarnir voru sameinaðir í einn 0-50 gr. flokk þann 1. mars 2010.

¹⁵ Miðað er við meðaltal miðgengis viðkomandi gjaldmiðla fyrir mánuðina nóvember 2014 til janúar 2015 skv. Seðlabanka Íslands.

Mynd 3 - Norrænn verðsamanburður í US m.v. jafnvirðisígildi (PPP)¹⁶




Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun/Teligen.

Ef ÍSP fullnýtir hins vegar svigrúm sitt til hækkunar á gjaldskrá einkaréttar þá eru líkur á að verð fyrir bæði A og B póst myndu verða í meðallagi í samanburði við önnur norræn lönd hvort sem horft er til samanburðar sem byggir á jafnvirðisígildi eða krónutölum.

Mynd 4 sýnir samanburð miðað við jafnvirðisígildi verðum sem skila sér til póstfyrirtækja, þ.e. söluverð án vsk., þar sem Ísland er í meðallagi í verðlagningu á A og B pósti borið saman við aðrar norrænar þjóðir.

Mynd 4 - Norrænn verðsamanburður í US m.v. jafnvirðisígildi (PPP), verð án vsk.



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun/Teligen.


Ef ÍSP fullnýtir heimild sína til hækkunar á gjaldskrá einkaréttar þá eru líkur á að verðlagning A og B pósts án vsk. yrði sú næst hæsta í framangreindum samanburði við önnur norræn lönd, en aðeins Danmörk væri með hærri verðlagningu.

¹⁶ Jafnvirðisígildi (PPP), sýnir hve mikið þarf til að kaupa sama magn vöru og þjónustu í einstökum löndum.

Verðþróun 2004 - 2014

Á mynd 5 má sjá yfirlit yfir verðþróun bréfa innan einkaréttar á tímabilinu 2004 til og með 1. ágúst 2014.


Mynd 5 - Verðþróun bréfa í einkarétti 0-50 gr.¹⁷ 2004-2014



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun.

Ef litið er til verðþróunar á burðargjöldum á bréfum innan einkaréttar á tímabilinu frá 2007 til 2014, samanborið við vísitölu neysluverðs og vísitölu launa, sbr. mynd 6, þá kemur í ljós að lengst af er hækkun burðargjalda í takt við hækkun á vísitölu launa og neysluverðsvísitölu, eða allt til ársins 2010. Frá þeim tíma hefur ekki verið fylgni milli hækkunar bréfa og þróunar verðlags þar sem verð bréfa hefur hækkað talsvert umfram hækkun framangreindra vísitalna, en á árunum 2007 til 2014 hækkaði gjaldskrá A pósts um 138% og B pósts um 105%. Þar gæti áhrifa hinnar miklu magnmínkunar innan einkaréttar, en magnið minnkaði um 45% á árunum 2007 til 2014 og reiknar ÍSP með enn frekari magnmínkunar á næstu árum.

Mynd 6 - Verðþróun bréfa í einkarétti 0-50 gr. m.v. vísitölu neysluverðs og launa 2007-2014



¹⁷ Þar sem þvingdarflokkar fyrir 0-20 gr. og 0-50 gr. voru sameinaðir í einn flokk 0-50 gr., frá og með 1. mars 2010 er ekki um eiginlegt verð fyrir sameiginlegan flokk að ræða fyrir en eftir þann tíma. Verð fyrir 0-50 gr. fyrir árin 2003 - 2010 byggir því á útreikningi þar sem vegið meðaltal magn bréfa í sitt hvorum þvingdarflokknum er margfaldað við verð á hverjum tíma.

Niðurstaða

ÍSP hefur með erindi, dags. 22. desember 2014, farið fram á hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar sem nemur um 17% miðað við vegið meðaltal. Frá 5. febrúar sl. telur PFS sig hafa fullnægjandi gögn frá ÍSP til að taka afstöðu til beiðni félagsins um hækkun gjaldskrárinnar.

Það er niðurstaða PFS að forsendur ÍSP fyrir framangreindri beiðni félagsins um hækkun gjaldskrár innan einkaréttar séu ekki fyrir hendi til að stofnunin geti samþykkt hækkunarbeiðni fyrirtækisins eins og hún var lögð fram og er erindinu því hafnað eins og það liggur fyrir. PFS telur að beiðni ÍSP frá 22. desember 2014 byggi ekki á raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði miðað við fyrirbyggjandi gögn frá ÍSP.

Í því sambandi er einkum horft til kostnaðarbókhalds félagsins hvað varðar afkomu einkaréttar á árinu 2014 og áætlun fyrir einkarétt á árinu 2015, sbr. umfjöllun í kafla 9 hér að framan.

Þrátt fyrir höfnun PFS á beiðni ÍSP þá telur stofnunin nauðsynlegt að gripið verði til ráðstafana sem falið geta í sér hækkun gjaldskrár og/eða hagræðingu í rekstri, til að mæta væntanlegri magnminnkun og kostnaðarhækkunum á árinu 2015. PFS telur að mikil óvissa ríki um hvort gera megji ráð fyrir sparnaði vegna breytinga á útburðartíðni í sveitum á árinu, þar sem hann er háður breytingu á lögum um pósthjónustu.

Með vísan til alls framangreinds, sbr. 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, telur PFS forsendur fyrir hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar um allt að 8% á grundvelli undirliggjandi afkomu og áætlunar um magnminnkun og kostnaðarhækkunir á árinu 2015. Miðað við að ÍSP nýti sér heimild sína að fullu þá er tekjuauki fyrirtækisins áætlaður um 200 millj. kr. á ársgrundvelli, ef miðað er við svipaða skiptingu og verið hefur á milli þeirra þjónustuflokka sem tilheyra einkarétt.

PFS bendir á að hinar öru hækkunir undanfarin misseri á einkaréttarpósti geta haft neikvæð áhrif á eftirspurn eftir viðkomandi þjónustu og hraðað magnminnkun með tilheyrandi óhagkvæmni í rekstri félagsins.

Það er mat PFS að gjöld innan einkaréttar sem tekin eru fyrir pósthjónustu séu innan viðráðanlegra marka hér á landi ef litið er til kaupmáttar og samanburðar við sambærilegar gjaldskrár í öðrum norrænum löndunum, sbr. áskilnað 16. gr. laga um pósthjónustu að gjöld fyrir alþjónustu skuli vera almenningi viðráðanleg.

PFS byggir á framlögðum gögnum ÍSP og öðrum upplýsingum sem fyrirtækið hefur lagt fram sem rökstuðning fyrir hækkun gjaldskrár innan einkaréttar, s.s. reikningsskilum, sundurliðunum á einstökum tekju- og kostnaðarþáttum ársins 2014 og áætlun ársins 2015.

Ákvörðunarorð

Með vísun til 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002 hafnar Póst- og fjarskiptastofnun erindi Íslandspóstshf., dags. 22. desember 2014, um hækkun gjaldskrár innan einkaréttar.

Póst- og fjarskiptastofnun metur svigrúm til hækkunar á gjaldskrá innan einkaréttar um allt að 8% miðað við fyrirbyggjandi forsendur um magnmínnkun og kostnaðarhækkunir. Íslandspósti ohf. er heimilt að leggja fram gjaldskrá til samþykktar miðað við þessar forsendur.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 20. febrúar 2015

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Þórðarson